

Martial Nardeau stundaði nám í flautuleik í heimalandi sínu Frakklandi og starfaði að námi loknu meðal annars í Lamoureux sinfóníuhljómsveitinni í París. Frá árinu 1982 hefur Martial verið búsettur á Íslandi. Hann hefur verið virkur einleikari og einnig komið fram erlendis, meðal annars í Rússlandi, Finnlandi og víða í Frakklandi, þar sem hann kynnir gjarnan íslenska flaututónlist. Martial nýtur starfslauna íslenska ríkisins á þessu ári.

Peter Tompkins fæddist í Petts Wood í Kent, Englandi. Hann stundaði nám í óbóleik við Royal Academy of Music í London á árunum 1984-88. Hann hefur verið búsettur á Íslandi síðan árið 1988 og tekið virkan þátt í íslensku tónlistarlífi og meðal annars leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Hljómsveit íslensku óperunnar, Bachsveitinni í Skálholti og Kammersveit Reykjavíkur. Hann kennir við Tónlistarskóla Seltjarnarness og Tónmenntaskóla Reykjavíkur.

Jóhannes Andreassen er fæddur í Þórshöfn í Færeyjum. Hann hóf nám í píanóleik 9 ára gamall. Á árunum 1982-86 stundaði Jóhannes nám við Hochschule für Musik und darstellende Kunst í Vínaþborg. 1988-89 var hann við nám hjá Peter Feuchtwanger í London. Jóhannes hefur oft komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Færeyja og verið boðið að koma fram á tónlistarhátíðinni í Vínaþborg. Hann hefur haldið tónleika á meginlandi Evrópu og leikið kammarmúsík fyrir nokkrar sjónvarpsstöðvar, svo sem ORF og BBC.

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikunum loknum

Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Martial Nardeau
þverflauta

Peter Tompkins
óbó

Jóhannes Andreassen
píanó

Þriðjudaginn 22. ágúst 1995 kl. 20:30

Efnisskrá

Eugène Goossens var af belgísku tónlistarfólki kominn, þekktur sem hljóm-sveitarstjóri jafnt sem tónskáld. Tónlist hans er lituð af Debussy og frönskum impressionisma. Gefin hafa verið út yfir 70 verk eftir Goossens og þar má finna stofutónlist, söngva, konserta, hljóm-sveitarverk, óperur og óratóriur. *Pastorale et Arlequinade* tileinkaði hann bróður sínum óbóleikar-anum Léon.

Malcolm Henry Arnold nam í Royal College of Music og varð trompet-leikari Fílharmóníusveitar Lundúna. Árið 1943 samdi hann forspilið *Bechus and the Dandiprat* og fékk viðurkenningu fyrir. Varð það kveikjan að fjölda annarra verka, og vann hann Mendelssohn verðlaunin sem gerðu honum kleift að dvelja eitt ár á Ítalíu. *Sónatína fyrir flautu og píanó* var gefin út árið 1948 og er tileinkuð flautuleikaranum Richard Adeney.

Kristian Blak er danskur, menntaður í háskólanum í Árósum en hefur búið í Færeyjum síðan 1974. Á síðustu árum hefur hann mest fengist við að semja kammer- og hljóm-sveitarverk. Píanóverkið *Ile* er samið út frá texta William Heinesen *Tiden iler* úr skáldsögunni *Turninn á heimsenda*. *Ile* var frumflutt af Jóhannesi Andreassen í júní 1987.

Duologue er dúett sem reynir jafnt á bæði hljóðfærin, óbó og píanó. Það er í einum þætti, en skiptist í þrjá ólíka kafla og er sá fyrsti í sönötuformi og mjög líflegur. Óvæntur endir leiðir í stutt söngles. Fyrsti kaflinn er leiddur til loka með staðföstum breytingum og háum laglínunum fyrir óbóíð. Sem mótvægi við gáskann í fyrsta kafla er annar kaflinn rólegur og á köflum þokukenndur. Óbóíð hefur laglínu sem rís yfir þokukenndan samleik píanósins og á stundum blandast honum. Gletta fylgir þokunni og er hún brú yfir í lokakaflann.

Fíðluleikarinn og tónskáldið **Johann Wenzel Kalliwoda** fæddist í Prag árið 1801. Á unga aldri sýndi hann framúrskarandi hæfileika sem fíðluleikari. Í þrjátíu ár var hann hljóm-sveitarstjóri hirðhljóm-sveitarinnar í Donaueschingen. Á þeim árum samdi hann yfir 200 tónverk, m.a. sínfóníur, óperur og stofutónlist.

Eugène Goossens
1893 - 1962

Pastorale et Arlequinade, op. 41 (1924)

Malcom Arnold
f. 1921

Sónatína fyrir flautu og píanó
allegro
andante
allegretto languido

Kristian Blak
f. 1947

Ile (1987)

Paul Patterson
f. 1947

Duologue fyrir óbó og píanó op. 49 (1984)

Johann W. Kalliwoda
1801 - 1866

Concertino fyrir flautu, óbó og píanó

Tiden iler - Tíminn þýtur

William Heinesen

Það er fallett orð að þjóta. Vindurinn þýtur, skýin þjóta og öldurnar þjóta yfir vatnið

Tíminn þýtur

- Hversvegna þýtur tíminn?
- Hann er að flýta sér.
- Hversvegna er hann að flýta sér?
- Hann þarf svö mörgu að sinna.
- Hvert er tíminn að þjóta?

Þögn

- Hvað er tími?

Löng þögn.

- Er hann allt sem þýtur?

- Jú, einmitt. Hann er allt sem þýtur.

Þorgeir Þorgeirsson þýddi